



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa  
og fjármálastofnana.

**Fréttatilkynning**  
13. ágúst 2010

### ÚTBOÐ ÓVERÐTRYGGÐRA OG VERÐTRYGGÐRA RÍKISBRÉFA RIKB 12 0824 OG RIKS 21 0414

Föstudaginn **20. ágúst kl. 11:00** fer fram útbod með tilboðsfyrirkomulagi hjá lánamálum ríkisins.

Í þessu útbodi verða seld bréf í nýjum tveggja ára flokki ríkisbréfa **RIKB 12 0824**. Flokkurinn ber 4,25% árlega nafnvexti með gjalddaga 24. ágúst ár hvert. Lokagjalddagi bréfsins er 24. ágúst 2012. Frekari lýsingu á flokknum er hægt að sjá á [www.lanamal.is](http://www.lanamal.is). Einnig verða boðin til sölu bréf í verðtryggða flokknum **RIKS 21 0414**. Heildarfjárhæð samþykktra tilboða verður tilkynnt að loknu útbodi.

Lánamál ríkisins áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, að hluta eða hafna þeim öllum. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð í útbodinu en þeir annast einnig tilboðsgerð fyrir fjárfesta. Lágmark hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði.

Útbodinu verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu. Að öðru leyti er vísað í útbodsskilmála sem fylgja þessari frétt.

*Greiðslu- og uppgjörsdagur er miðvikudaginn 25. ágúst 2010.*

Í þessu útbodi óskar Lánamál ríkisins eftir kauptilboðum í eftirfarandi flokka ríkisverðbréfa:

Flokkur	Lokagjalddagi	Útistandandi fjárhæð*	Lánstími
RIKB 12 0824	24.8.2012	0 m.kr.	2 ár
RIKS 21 0414	14.4.2021	26.182 m.kr.	11 ár

\*að nafnvirði

Eftir að niðurstöður útbods ríkisbréfa liggja fyrir munu lánamál ríkisins bjóða jafnvirði 10%, reiknuð af nafnvirði þess sem selt var í útbodinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 24. ágúst 2010. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útbodi öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. *Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 25. ágúst 2010.*

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson, lánamálum ríkisins, í síma 569 9633.

Með kveðju,